

Orkustofnun  
Skúli Thoroddsen  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík



Reykjavík 11. mars 2016  
UST201602-268/B.S.  
10.05.08

**Efni: Umsókn. Rannsóknarleyfi - virkjun vatna - Skötufjörður – Mjólká. Umsögn**

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 23. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.


Um er að ræða rannsóknir á vötnum á aðrennslissvæði Skötufjarðar og möguleika þess að leiða vatn yfir á virkjanasvæði Mjólkárvirkjana.


Í fyrri áfanga rannsókna verður einungis um vatnamælingar að ræða og er ekki gert ráð fyrir að þeim muni fylgja raska á landi. Í síðari áfanga verður m.a. ráðist í rannsóknir á berglögum. Aðkoma tækja vegna þessara rannsókna verður um slóðir sem fyrir eru og mun ekki þurfa að ráðast í slóðagerð til að koma tækjum á hálendið.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að gerð sé grein fyrir hvaða aðkomuleið umsækjandi hyggst nota til að komast að viðkomandi rannsóknarsvæði. Slíkar upplýsingar draga verulega úr óvissu um umhverfisáhrif fyrirhugaðra rannsókna og gera jafnframt umsagnir markvissari. Umhverfisstofnun telur að Orkustofnun ætti að kanna að óska ítarlegra upplýsinga um aðkomuleiðir þegar sótt er um rannsóknarleyfi.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við rannsóknaráætlun á fyrrihluta rannsóknartímans

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymistjóri